

# Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 2015/830 - REACH)

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

<b>1.1 Vörukenni:</b>	<b>StucHardWaxOil</b>		
<b>Vörunúmer:</b>	-		
<b>1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:</b>			
<b>Viðeigandi notkun</b>	Yfirborðshúð fyrir míneralska málningu.		
<b>Notkun sem ráðið er frá</b>	Mælt er með að varan sé einungis notuð af fagmönnum.		
<b>1.3 Söluaðili:</b>	<b>Sérefni ehf.</b>	<b>Framleiðandi:</b>	.
	Síðumúla 22 108 Reykjavík		Stoppen & Meeus Van Praetstraat, 22 B-2660 Belgía 00-32-3-825-00-55 <a href="mailto:dragon@stopen-meeus.com">dragon@stopen-meeus.com</a> <a href="http://www.stopen-meeus.com">www.stopen-meeus.com</a>
<b>Sími:</b>	517 0404		
<b>Netfang:</b>	<a href="mailto:serefni@serefni.is">serefni@serefni.is</a>		<a href="mailto:dragon@stopen-meeus.com">dragon@stopen-meeus.com</a>
<b>Veffang:</b>	<a href="http://www.serefni.is">www.serefni.is</a>		<a href="http://www.stopen-meeus.com">www.stopen-meeus.com</a>
<b>1.4 Neyðarsímanúmer:</b>	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

## 2. Hættugreining

### 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H226	Eldfimir vökvi og gufa	Eldf.vökvi 3
H336	Getur valdið sljóleika eða svima	SEM-VES 3

### 2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörðunarorð

VARÚÐ

Hættusetningar

H226	Eldfimir vökvi og gufa
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
EUH066	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð
EUH208	Inniheldur 2-bútanonoxím. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.
P210	Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikivöldum. Reykingar bannaðar.
P233	Ílát skal vera vel lukt.
P240	Jarðtengið/spennujafnið ílát og viðtökubúnað.
P241	Notið sprengiheld rafföng/lofttræstibúnað/lýsingu.
P242	Notið ekki verkfæri sem mynda neista.
P243	Gerðið varúðarráðstafanir gegn stöðurafragnum.
P261	Gætið þess að anda ekki inn ryki/reyk/lofttegund/úða/gufu/ýringi.
P271	Notið eingöngu utandyra eða í vel lofttræstu rými.
P273	Forðist losun út í umhverfið.
P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlíf/andlitshlífar.

P301+P310	EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ/lækni.
P303+P361+P353	BERIST EFNIÐ Á HÚÐ (eða í hár): Farið strax úr fötum sem óhreinkast af efninu. Skolið húðina með vatni/Farið í sturtu.
P304+P340	EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun.
P312	Hringið í EITRUNARMÍÐSTÖÐ/lækni ef lasleika verður vart.
P331	EKKI framkalla uppköst.
P370+P378	Ef eldur kemur upp: Notið slökkviduft, froðu, vatnsúða til að slökkva eldinn.
P403+P235	Geymist á vel-loftræstum stað. Geymist á köldum stað.
P405	Geymist á læstum stað.
P501	Fargið innihaldi/iláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

**Inniheldur:** Vetniskolefni, C9-C11, n-alkana, ísóalkana, hringalkana, <2% arómata.

### 2.3 Aðrar hættur:

**Öryggi:**

Gufa getur auðveldlega myndað sprengifimar blöndur með lofti.

**Eðlis-/efnafræðilegar:**

Varan getur hlaðist stöðurafmagni, jafnvel þótt búnaður sé jarðtengdur. Verði stöðurafmagnshleðsla of mikil, getur það valdið neistamyndun og íkveikju eld-og sprengifimar gufu.

**Heilsufarslegar:**

Við úðun getur hættulegur styrkur gufu byggst upp við 20°C. Tekur langan tíma sé úðun ekki beitt.

Sjá einnig 11. og 15. lið.

## 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

### 3.2 Blöndur:

Vetniskolefni, C7-C9, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119473851-33	Innihald %	35 - 50
Raðnúmer	649-328-00-1	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	265-151-9	H-setningar	-
CAS	64742-49-0	Flokkun, hættumerking	-
<b>Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)</b>			
Eldf.vökvi 2 - <b>H225</b> , Eit. v. ásvelg.1 - <b>H304</b> , Húðert.2 - <b>H315</b> , SEM-VES 3 - <b>H336</b> , Langv.eit.á vatn - <b>H411</b>			

2-bútanon oxím			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	< 0,4
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	202-496-6	H-setningar	-
CAS	96-29-7	Flokkun, hættumerking	-
<b>Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)</b>			
Eldf.vökvi 3 - <b>H226</b> , Bráð eit.4 - <b>H312</b> , Húðnæm.1 - <b>H317</b> , Augnskað.1 - <b>H318</b> , Krabb.2 - <b>H351</b>			

Kóbaltölt (+2) fitusýra, C6-C19, greinóttra			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	< 0,1
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	270-066-5	H-setningar	-
CAS	68409-81-4	Flokkun, hættumerking	-
<b>Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)</b>			
Bráð eit.4 - <b>H312</b> , Húðnæm.1 - <b>H317</b>			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

## 4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

### 4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

<b>Almenn viðbrögð:</b>	Við slys: Hafið samband við lækni eða bráðamóttöku, sýnið umbúðir eða þetta öryggisblað. Leitið lækni, hverfi einkenni ekki fljótlega, eða sé óvissa um ástand hins slasaða. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
<b>Innöndun</b>	Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt.
<b>Snerting við húð</b>	Hreinsið húð strax með sápu og vatni. Leitið lækni verði vart við óþægindi eða ertingu.
<b>Snerting við augu</b>	Skolið varlega með vatni í 15 mínútur og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur. Leitið lækni verði vart við óþægindi eða ertingu.
<b>Inntaka</b>	Skolið munn vandlega og drekkið mikið vatn. Leitið strax lækni og sýnið öryggisblaðið. Framkallið ekki uppköst.

#### 4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Berist efnið í lungu, geta einkenni birst sem hósti, hæsi, sog, öndunarerfiðleikar, þyngsli fyrir brjósti, og hiti. Affitun húðar sýnir sig sem sviði og sprungumyndun. Erting í húð veldur sviða, roða, bólgu- og blöðrumyndun. Sjá lið 11.

#### 4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum. Möguleiki á myndun lungnabólgu.

### 5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

#### 5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, slökkviduft, sandur, alkóhólþolin froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.  
Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli.

#### 5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast: Reykur, kolefnisoxíð, eitraðar, ertandi eða eld- og sprengifimar gufur. Gufa er þyngri en loft og getur borist með gólfi nokkra vegalengd að íkveikjuvöldum. Varan flýtur á vatni og getur endurtendrast á vatnsyfirborði.

#### 5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reysk við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið. (Búnaður, sbr. EN469).

### 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

#### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Afmarkið og rýmið mengað svæði. Reykið ekki. Forðist innöndun og snertingu við húð, augu og fatnað. Notið viðeigandi persónuhlífar. Gangið ekki í losuðu efni. Fjarlægið alla eld- og neistagjafa. Vinnið vindmegin við mengað svæði.

#### 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

#### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið ísogsefni, t.d. sand, sag, kísilgúr, eða handverkfæri til að hreinsa upp losað efni. Búnaður sé neistavarinn. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Haldið ílátum rökum og ekki skal loka þeim fyrr en eftir nokkrar klst eða þar til myndun koldíoxíðs er hætt. Geymið á öruggum og vel loftræstum stað í nokkra daga.

#### 6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

### 7. Meðhöndlun og geymsla

#### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Fjarlægið eld- og neistagjafa. Forðist hátt hitastig og heita fleti. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafmagn. Dælið rólega milli íláta til að forðast myndun stöðurafmagns. Notið ekki í lokuðum rýmum. Losið ekki í niðurföll. Fylgið notkunarleiðbeiningum. Fólk með viðkvæm öndunarfæri og næmingu ættu að forðast vinnu með vöruna.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

#### 7.2 Örygg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Geymið fjarri öðrum eldfimum efnum, úðabrusum, oxurum, eld- og hitagjöfum og beinu sólarljósi. Mælt er með jarðtengingu íláta. Opnaðar umbúðir ættu að standa uppréttar til að forðast leka. Æskilegt geymsluhitastig: 5-40°C. Heppileg umbúðaefni: Stál, ryðfrítt stál. Séu umbúðir málaðar, notið epoxy, eða sink silikatefni. Óheppleg umbúðaefni: Gúmmí, náttúru-, bútýl-, eða nítríl-.

7.3 Sértek, endanleg notkun: Sjá lið 1.2

## 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

### 8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m <sup>3</sup>	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m <sup>3</sup>	Athugasemdir
Vetniskolefni		1200			WEL

WEL= Work Exposure Limit - Hámarksstyrkur á vinnustað.

Vetniskolefni					
Notkunarvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	1500	mg/m <sup>3</sup>
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	300	mg/kg/lik.p/dag
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	300	mg/kg
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	300	mg/m <sup>3</sup>
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	900	mg/m <sup>3</sup>

### 8.2 Váhrifavarnir:

#### Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum (EN 689, EN14042, EN 482).

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnaskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

#### Persónuhlífar

##### Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu með hliðarvörn af viðurkenndri gerð (EN166).

##### Húð - hendur

Notið efnaþolna hlífðarhanska úr flúor-, bútýl eða nitrílgúmmíi. (EN374, >=0,5 mm, gegnstreymistími >480 mín).

Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur. Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

##### Húð - annað

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar.

##### Öndunarfæri

Sé loftræsting ófullnægjandi, notið viðurkennda öndunargrímu með síu af gerð A.

Við háan styrk ætti að nota sjálfstæðan öndunarbúnað (EN137, EN138).

Athugið takmarkanir á notkunartíma búnaðar.

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi, seigfljótandi
Litur:	Litlaus, tær
Lykt:	Vetniskolefnalykt
Suðumark:	130°C
Blossamark:	>36°C
Sjálftendrunarmark:	>200°C
Lægri sprengimörk í lofti:	0,6%
Hærrí sprengimörk í lofti:	6,0%
Gufuþrýstingur (20°C):	300 Pa
Uppgufunarhraði:	80 (díetýleter =1)
Eðlismassi við 20°C:	0,907 g/cm <sup>3</sup>
Vatnsleysni:	Óleysanlegt við 20°C
Annar leysanleiki:	Leysanlegt í vetniskolefnaleysum
Dreifistuðull oktanól/vatn:	5-6,7 (logPow)
Seigja (20°C):	80-90 DIN 4

### 9.2 Aðrar upplýsingar:

Rokgjörn lífræn efni (VOC):	484,3 g/l
-----------------------------	-----------

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

### 10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

## 10.2 Efnafraeðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

## 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Hvarfast við sterka oxara.

## 10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, eld- og neistagjafar. Ath. myndun stöðurafragns.

## 10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

## 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast: Reykur, kolefnisoxíð, eitraðar, ertandi eða eld- og sprengifimar gufur, brennisteinsoxíð og ýmis fleiri niðurbrotsefni.

## 11. Eiturefnafraeðilegar upplýsingar

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafraeðileg áhrif:

#### Bráð eiturhrif:

StucHardWaxOil					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	LD <sub>50</sub>	>5000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD <sub>50</sub>	>5000	mg/kg	kanína	
Bráð eiturhrif, innöndun		Lítill eiturhrif	mg/l/4 klst	rotta	
Húðæting/erting		Veldur vægri ertingu			Þurrkur, sprungumyndun
Alvarlegur augnskaði		Neikvætt			
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			
Krabbamein		Neikvætt			
Eitrun æxlunarfæra		Neikvætt			
Sértæk eiturhrif á markklífæri (EV)		Getur valdið sljóleika eða svima			
Sértæk eiturhrif á markklífæri (VES)		Skadlegt nýrum í rottum			
Ásvelgingarhætta		Já			

## 12. Vistfraeðilegar upplýsingar

### 12.1 Eiturhrif:

Forðist losun í niðurföll, grunnvatn og jarðveg. Vegna lítillar vatnsleysni er ekki vænst eiturhrifa á líf í vatnumhverfi. Varan gufar hratt upp.

StucHardWaxOil					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LL <sub>50</sub>	>1000 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EL <sub>0</sub>	1000 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	EL <sub>50</sub>	>1000 mg/l	72 klst	Þörungar	
Þrávirkni og niðurbrot		80%	28 d		

### 12.2 Þrávirkni og niðurbrot:

Brotnar greiðlega niður.

### 12.3 Uppsöfnun í lífverum:

Uppsöfnun möguleg. (logPow= 5-6,7).

### 12.4 Dreifanleiki í jarðvegi:

Flýtur á vatni.

### 12.5 PBT/vPvB:

Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt, varan er ekki talin PBT/vPvB.

## 13. Förgun

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

#### Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.

#### Óhreinir umbúðir

Óhreinir umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

## 14. Upplýsingar um flutninga

### ADR:

UN Númer	1263
Efnisheiti v. flutninga:	PAINT - PAINT RELATED PRODUCTS
Hættuflokkur:	3
Pökkunarflokkur:	III
Hættuundirflokkur:	30
Jarðgangaflokkun:	D/E
Mengunarhætta:	Nei

### Varúðarmerking



### IMDG:

UN Númer	1263
Efnisheiti v. flutninga:	PAINT - PAINT RELATED PRODUCTS
Hættuflokkur:	3
Pökkunarflokkur:	III
EmS:	F-E, S-D
Mengunarhætta:	Nei



### IATA:

UN Númer	1263
Efnisheiti v. flutninga:	PAINT - PAINT RELATED PRODUCTS
Hættuflokkur:	3
Pökkunarflokkur:	III



## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

### 15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 2015/830 (REACH), 1272/2008 (CLP). Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

### 15.2 Efnaöryggismat:

Liggur ekki fyrir.

## 16. Aðrar upplýsingar

### Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H226	Eldfimur vökvi og gufa
H302	Hættulegt við inntöku
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H312	Hættulegt í snertingu við húð
H315	Veldur húðertingu
H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H351	Grunað um að valda krabbameini
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
EUH066	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð

Útgáfa/Dags: 1/31.10.2020

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

**STOOPEN & MEEUS**

**SAFETY DATA SHEET** According to EG 1907/2006-1272/2008

**STUCHARDWAXOIL**

Útgáfa:

28.08.2018 Útgáfa 1.0